

Reykjavík, 21. nóvember 2005

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Málefni: Tillaga til þingsályktunar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, 22. mál.**


Samtök fiskvinnslustöðva (SF) eru andvíg því að skylda sjávarútvegsfyrirtæki sem stunda bæði veiðar og vinnslu til fjárhagslegs aðskilnaðar í rekstri útgerðar og fiskvinnslu.

Sú þróun hefur átt sér stað á síðustu árum í sjávarútvegi að þeim fyrirtækjum sem stunda bæði veiðar og vinnslu hefur fækkað en þau hafa jafnframt stækkað vegna sameininga. Á sama tíma fjölgaði minni fyrirtækjum sem eingöngu stunda fiskvinnslu eða smábátaútgerð.

SF telur að inn í þessa þróun á eigi ekki að grípa með lagasetningu.

Að öðru leyti er ekki óeðlilegt að þingsályktunartillagan fái efnislega umfjöllun í sjávarútvegsnefnd.

Virðingarfyllst,

  
Guðbergur Rúnarsson  
Samtök fiskvinnslustöðva